


Alþingi
Erindi nr. Þ 139/135/
komudagur 15.2.2011

Fjallabyggð



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 15.02.2011
1101141 / VPB

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2010

139. löggjafafæring 2010-2011.
Þskj. 122 – 113. mál.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestum staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.*

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar hefur farið yfir ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemd við 1. gr. lið a.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að sveitarstjórn geti ákveðið að aðalskipulag taki gildi hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt það innan fjögurra vikna frá því að það berst þeim. Þá er spurt, gefi sveitarstjórn út framkvæmdaleyfi s.kv. aðalskipulagi sem ekki hefur fengið staðfestingu Skipulagsstofnunar en Skipulagsstofnun hafni aðalskipulagi síðar á einhverjum forsendum, er hætt við að sveitafélag verði bótaskyld vegna sinnar ákvörðunar?

Virðingarfyllt,

Valur Þór Hilmarsson
umhverfisfulltrúi